Úrskurðarorð:

Kærði, Sigmundur Heiðar Árnason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. október nk., kl. 17:00.

Föstudaginn 16. ágúst 1985.

Nr. 184/1985. **Ákæruvaldið**
gegn
Önnu Maríu Haraldsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Una Þóra Magnúsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m., er barst Hæstarétti 13. þ.m., og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. ágúst 1985.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess í bréfi, dagsettu 8. þessa mánaðar, að Anna María Haraldsdóttir, með lögheimili að Vesturgötu 10, Akranesi, fædd þann 26.01. 1961, verði úrskurðuð í gæsluvarðhald allt til miðvikudagsins 21. ágúst nk., kl. 17:00.

Málavextir eru þessir:

Nú er til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins rannsókn vegna þjófnaðar á tékkhefti á Iðnaðarbanka Íslands, sem stolið var úr bifreið skammt frá vínbúðinni á Lindargötu hér í borg þann 2. ágúst sl.

Kærða hefur viðurkennt bæði fyrir dómi og er málið var rannsakað hjá rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa stolið áðurnefndu tékkhefti. Hún telur sig hafa gefið út 20-25 ávísanir, og telur hún, að samanlögð upphæð þeirra sé í kringum 150.000 krónur.

Kærða kveðst hafa látið mann að nafni Kristján Hauksson hafa tvö útfyllt eyðublöð, en hann er enn ófundinn.

Kærða fullyrðir, að hún hafi verið ein að verki, er hún falsaði tékkana, en samkvæmt framburði vitnis í málinu leikur grunur á, að maður að nafni Stefán Þorkell Karlsson sé í vitorði með kærðu.

Megnið af þeim tékkum, sem kærða gaf út, hafa ekki komið fram, og áðurnefndur Kristján Hauksson ekki enn fundinn auk þess sem kærða hefur ekki skýrt frá afdrifum þess fjár og þeirra muna, er hún sveik út.

Rannsókn þessa máls er nú á frumstigi, og með vísan til ofanritaðs og 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og gera kærðu að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. ágúst nk., kl. 17:00.

Kærða er sökuð um brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, sem gætu varðað hana fangelsisrefsingu, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33, 1944 gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærða, Anna María Haraldsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. ágúst nk., kl. 17:00.